

# Stærðfræði 3. bekkur

Kennarar: Edda Guðrún Valdimarsdóttir; Sigrún Antonsdóttir

3

Skólaárið

2024-2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Í upphafi hvernar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni vikunnar og markmið útskýrð. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleyðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

### Haustönn - Sproti 3a.

Ágúst - september : upplýsingar og tölfraði

September : þriggja stafa tölur

Október : mælingar og tími

Nóvember : rúmfræði og margföldun

Desember : deiling, samhverfa og horn

### Vorönn - Sproti 3b

Janúar : kaup og sala

Febrúar - mars : samlagning og frádráttur og rúmfræði

Mars - apríl : almenn brot og margföldun

Maí : reikningur og rúðunet

## Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi. Leitast er við að nemendur hafi aðgang að hjálpargögnum og að verkefni séu aðlöguð að talnaskilningi hvers og eins.

## Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara.

Eftir hvern efnisþátt taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður sendar heim í ferilmöppu.

Í lok hvorrar annar eru lagðar fyrir kannanir til að meta hæfni nemenda.

## Námsgögn

Sproti 3a og 3b, Æfingahefti/Sproti 3a og 3b, Stærðfræðispæjarar 2 og 3, Húrrahefti fyrir 3. bekk, Könnum kortin 1, Stefnum á margföldun, ýmsir gagnvirkir vefir og smáforrit.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025

- Hæfnieinkunn (umsögn)

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu og vasareikna við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt líf

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Tölur og reikningur

- unnið með náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- þekkt gildi talna og sýnir færni í reikniaðgerðunum fjórum og námundun

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um einföld mynstur
- fundid óþekkta stærð í dæmum

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Rúmfræði og mælingar

- notað og beitt aldursamsvarandi hugtökum rúmfræðinnar

### AS Stærðfræði 3. bekkur 2019 - 2025 - Tölfræði og líkindi

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit